

## Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 7. nóvember 2024

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Heimir Karlsson, Tryggvi Eiríksson og Páll Ægir Pétursson  
Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Kristinn Hólm, Friðrik Höskuldsson, Jón Frímann og Vignir Traustason.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

### Dagskrá

#### 1. Yfirferð yfir fjármál félagsins.

Formaður fór yfir fjármál félagsins og sýndi skjáskot úr ársreikningi 2023. En ársreikningar félagsins eru á „Mínúm síðum“ á heimasiðu félagsins, þar geta félagsmenn skoðað og kynnt sér. Hann kynnti einnig hvað önnur stéttarfögur eru að gera varðandi heimasiður sínar. Hann sýndi eingnarstöðu félagsins og einnig stöðu sjóða þess og hvernig greiðslu styrkja og sjúkradagpeninga er háttar til félagsmanna. Nokkur umræða skapaðist um málið og varð niðurstaða þeirrar umræðu að taka þurfi ákvörðun um áramótin næstu hvort reglum um greiðslu úr sjóðum félagsins verður breytt eða hvort við höldum reglunum óbreyttum.

#### 2. Yfirferð yfir rekstur orlofshúsa og íbúða félagsins.

Formaður útskýrði fyrirkomulag útleigu íbúða, sagði að kostnaður félagsmanna af leigu íbúða og bústaða væri á pari við önnur stéttarfögur. Hann sagði kostnaðarsamt að kaupa þrif og umsjón, en inni í þeim kostnaði er þjónusta Sólar ehf. í Reykjavík, Mundi afi ehf. á Akureyri, Fenjar ehf. á Laugarvatni og svo eru hjón sem hafa umsjón með bústað okkar fyrir austan. Almenn ánægja er með þær breytingar sem urðu þegar þrifin voru keypt af fyrirtækjum í staðinn fyrir að félagsmenn þrifu eftir sig eins og var hér áður fyrir. Einig er ánægja með að hrein rúmföt og handklæði eru í íbúðunum við komu, sem var ekki áður. Til tals kom að fjárfesta í einni íbúð til viðbótar í Reykjavík því félagsmenn okkar koma til Reykjavíkur í ýmsum tilgangi s.s. vegna læknispjóustu, endurmenntun og fl. Ákveðið var að formaður skoði kostnað við þrif íbúðanna á Akureyri og í Reykjavík því fundarmönnum þótti sé liður dýr, en að sama skapi eru félagsmenn ánægðir með þrifin, íbúðirnar eru hreinar þegar komið er inn í þær.

Námsstyrkur. Fullgildir félagsmenn geta sótt um styrk til náms úr félagssjóði. Ákveðið var að breyta þessum styrk þannig að hann yrði 100.000 þúsund á ári. En var áður 50% af námskeiðsgjaldi að hámarki 100.000 kr. á ári. Eftirfarandi taxti var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum: Fullgildir félagar FS sem hafa greitt í félagið undangengna 12 mánuði geta sótt um styrk vegna námskeiða. Styrkur þessi nemur að hámarki kr. 100.000.- mv. almanaksár. Heimilt er að greiða styrkinn vegna námskeiðsgjalds, ferðakostnaðar og gistingar.

Undir þetta falla öll námskeið sem til þess eru fallin að efla félagsmenn í starfi sínu sem skipstjórnarmenn.

Breytingin tekur gildi frá og með 1. desember.

#### 3. Bréf til matvaelaráðherra vegna a) útgáfu aflaheimilda á djúpkarfa b) leyfi til hvalveiða

Formaður sagðist hafa sent bréf til matvaelaráðuneytisins þar sem óskað er eftir því að ráðherra gefi út 3.500 tonna kvóta í djúpkarfa, en sem kunnugt er ráðlagði Hafró núll kvóta í djúpkarfa fyrir fiskveiðíárin 2023/2024 og 2024/2025. Formaður hefur verið í sambandi við skipstjóra þeirra skipa sem stunda veiðar á grálúðu og gulllax, en á þeim veiðum veiðist djúpkarfi sem meðafla. Bréfið er sent í samráði við þessa skipstjóra í nafni félagsins. Nokkur umræða skapaðist um málið. Einig las formaður upp bréf þar sem Félag skipstjórnarmanna skorar á matvaelaráðherra að gefa nú þegar út leyfi til hvalveiða, en Hvalur ehf. hefur sent ráðuneytinu beiðni um leyfi. Samþykkti stjórnin að bréfið yrði sent óbreytt á matvaelaráðuneytið. Hins vegar kom fram á fundinum athugasemd um að ætla mætti að félagið væri með hagsmunagæslu fyrir þessi fyrirtæki sem um ræðir. Formaður svaraði því til að í báðum þessum málum væri almenn samstaða um að í fyrsta lagi að gefa út kvóta í djúpkarfa og í öðru lagi eigi að veiða hvali. Nokkur umræða varð um málið og ýmis sjónarmið komu fram hjá

fundarmönnum en samþykkt að senda bréfið til ráðuneytisins óbreytt.

**4. Lögræðikostnaður vegna innheimtu launakostnaðar skipstjórnarmanna á Hvalbáturnum.**

Formaður útskýrði málið. Það er ljóst að ríkið braut á Hval hf. sem varð fyrir miklum tekjumissi og fjárútlátum vegna ákvörðunar matvælaráðherra um bann við hvalveiðum. Félagsmenn okkar sem starfa og hugðust starfa hjá Hval hf. urðu einnig fyrir miklum tekjumissi og báru skarðan hlut frá borði vegna athafna matvælaráðherra Vinstri Grænna. Umboðsmaður Alþingis hefur kveðið upp úr með þetta ólöglega athæfi og hefur hann óskað eftir því að matvælaráðuneytið lýsi rökstuddri afstöðu sinni til þess hvernig meðferð þess á umsókn Hvals hf. um leyfi til veiða á langreyðum, sem send var ráðuneytinu á sínum tíma, samrýmist grundvallarreglu stjórnsýsluréttar um málshraða og þá m.a. með hliðsjón af þeim hagsmunum sem fyrirtækið hafði af skjótri úrlausn málsins til þess að geta skipulagt atvinnurekstur sinn fyrir sumarið 2024. Til þess að gæta hagsmuna félagsmanna okkar þarf félagið að fara í mál við Hval hf. sem svo krefur ríkið um skaðabætur. Málið snýst um að innheimta launatap félagsmanna í FS á hvalbáturnum sem þeir urðu af vegna ólögmætrar frestuunar á vertíðinni 2023, en þá var heimilt að veiða 148 dýr, en aðeins veiddust 23 dýr, þar sem vertíð hófst ekki fyrr en í september. Engin vertíð var sumarið 2024, þar sem ráðherra gaf ekki út leyfið fyrr en í júní 2024, sem var orðið alltof seint til að hægt væri að byrja vertíð.

Af þessum málarekstri verður kostnaður, mögulega 2 til 3 milljónir í héraði og mögulega 1 milljón í Landsrétti. Samþykkti stjórnin samhljóma að fara þessa leið.

**5. Afgreiðsla á styrkbeiðni vegna minnisvarða um sögu síðutogara Íslendinga.**

Félaginu barst styrkbeiðni vegna smíði á minnisvarða um sögu síðutogara Íslendinga, sem áhugamenn hafa ákveðið að staðsettur verði við höfnina á Akureyri. Leitað hefur verið til stéttarfélaga sjómanna og útgerða að styrkja þetta framtak. Formaður lagði til að FS myndi veita styrk að upphæð 500.000 kr. sem er sama upphæða og Sjómannaféalg Eyjafjarðar leggur til.

**6. Tímasetning jólfunda í Reykjavík og á Akureyri.**

Reykjavík – föstudaginn 27. desember kl. 14 til 16

Akureyri - laugardaginn 28. desember kl. 14 til 16

Samþykkt að halda jólfundina á þessum tíma.

Önnur mál.

Ákveðið var að stjórnin fari í skoðunarferð á Laugarvatn á mánudaginn 11. Nóvember, til að skoða bústaðina.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:41

Árni Sverrisson

Árni Sverrisson formaður

Páll Ægir Pétursson

Páll Ægir Pétursson fundarritari